

Innviðaráðuneytið
Málefna svið: Húsnæðis- og skipulagsmál
Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík
irn@irn.is



Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Efni: Umsögn um drög að breytingu á byggingarreglugerð um innleiðingu ákvæða um lífsferilsgreiningu mannvirkja, mál. nr. S-33/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI**“ eða „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar drög að breytingu á byggingarreglugerð um innleiðingu ákvæða um lífsferilsgreiningu mannvirkja. Samtökin tóku á sínum tíma virkan þátt í mótun og innleiðingu Byggjum grænni framtíð, vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030, sem að umræddar breytingar byggja á. Ríkur vilji er hjá iðnaðinum fyrir því að framfylgja þeim aðgerðum sem að þar voru markaðar með það að leiðarljósi að draga úr kolefnislosun greinarinnar til framtíðar. Drögin voru unnin í samráði við fjölmarga hagaðila og byggja á langri vinnu verkefnahóps á vegum Byggjum grænni framtíð. Þau eru einnig í samræmi við þann tímaramma sem mótaður var í aðgerð um innleiðingu lífsferilsgreininga í Byggjum grænni framtíð. Að því sögðu vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi umrædd drög.

Samtökin vilja áréttta mikilvægi þess að undirbúningur innleiðingarinnar sé í samræmi við greinargerð og tillögur framangreinds starfshóps um lífsferilsgreiningar bygginga (hér eftir „**greinargerðin**“). Í greinargerðinni er lögð áhersla á að ferlið verði eins einfalt og hægt er og að stuðst verði við þá reynslu sem hlotist hefur við sambærilegar innleiðingar á hinum Norðurlöndunum. Samtökin taka undir þessar áherslur enda ljóst að til stendur að ganga lengra hér á landi við skil á lífsferilsgreiningum en á hinum Norðurlöndunum. Má þar t.d. nefna þá fjölda fasa og byggingarhluta sem innleiddir eru, sbr. töflu 2 á bls. 14 og töflu 5 á bls. 18 í greinargerð, og að skil lífsferilsgreininga mun bæði eiga sér stað við umsókn um byggingarleyfi og við lokaúttekt. Á hinum Norðurlöndunum hefur aðeins verið gerð krafa um skil á lífsferilsgreiningu þegar mannvirki er fullbyggt þó að vissulega sé þar einnig stefnt að því að bæta við skilum við umsókn byggingarleyfa eftir nokkurra ára reynslutíma. Mikilvægt er að halda því til haga að með kröfu um skil á lífsferilsgreiningu við umsókn um byggingarleyfi er verið að gera auknar kröfur um gagnaskil og þar með að auka kostnað byggingaraðila. Það verður því að tryggja að innleiðingin sé skynsamleg og að sú undirbúningsvinna sem draga á úr umræddum kostnaði verði fullkláruð fyrir gildistöku krafanna.

Þá vilja samtökin einnig benda á að samkvæmt drögunum munu umræddar kröfur um gerð lífsferilsgreininga ná til allra mannvirkja í 2. og 3. umfangsflokki. Samtökin leggja til að kröfurnar taki ekki til einbýlishúsa þar sem þau verkefni eru smærri í sniðum og munu umræddar kröfur auka flækjustig við uppbyggingu þeirra að óþörfu.


Ljóst er að mikil undirbúningsvinna þarf að eiga sér stað fram að innleiðingu krafanna 1. september 2025 og því fagna samtökin því að í 7. gr. draganna sé að finna nauðsynlegt endurskoðunarákvæði. Þannig mun tækifæri gefast til að endurmeta reglugerðina og/eða hina



samræmdu aðferðafræði við skil á lífsferilsgreiningum í ljósi fenginnar reynslu á aðlögunartímanum. Umrædd nálgun er að mati samtakanna mjög skynsamleg.

Að lokum fagna samtökin áherslum í greinargerðinni um gerð sérstakrar fræðsluáætlunar sem á að stuðla að því að hagaðilar fái reynslu við gerð og skil lífsferilsgreininga og að þeir fái vettvang til að skiptast á þekkingu og reynslu áður en kröfurnar taka gildi. Þetta er að mati samtakanna ein af forsendunum fyrir árangri. Mikilvægt er að aðilar í mannvirkjajafnaði finni fyrir stuðningi í þessum breytingum ásamt því að fræðsluefni og leiðbeiningar verði aðgengilegar.

Samtökin gera ekki frekari athugasemdir við drögin að svo stöddu.


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá SI